

---

## Stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri, Tálknafjarðarhreppi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 Inngangur

Þann 8. september 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arnarlaxi vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar á Gileyri, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Tálknafjarðarhrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð, fyrirspurn um matsskyldu. Arnarlax – Verkís. Júní 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Tálknafjarðarhreppi 27. október 2022, Fiskistofu 12. október 2022, Hafrannsóknastofnun 4. október 2022, Matvælastofnun 6. október 2022, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 12. október 2022, Minjastofnun Íslands 22. september 2022, Orkustofnun 31. október 2022 og Umhverfisstofnun 21. október 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. október 2022.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í aukinni framleiðslu á seiðum í eldisstöð Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð. Þar er nú starfsrækt seiðaeldi fyrir laxeldi fyrirtækisins á Vestfjörðum. Stærð stöðvarinnar í dag miðast við 200 tonna hámarkslífmassa en til stendur að stækka stöðina í 1000 tonna hámarkslífmassa á ári. Eldisrými stöðvarinnar er í dag um 3.600 rúmmetrar, áætlanir eru um að stækka eldisrýmið í 19.600 rúmmetra með því að bæta við 16x1.000 rúmmetra kerum en alls eru nú um 24 ker á lóðinni.

Við framleiðsluaukninguna á að endurnýta vatnið við stöðina enn frekar, þannig ekki verði þörf á aukinni vatnstöku við stækkunina. Eftir breytingar verður endurnýting vatns um 90-99%. Hreinsun frárennslis við stöðina verður einnig aukið svo losun mengunarefna mun aðeins aukast lítillega frá því sem nú er vegna bættrar hreinsunar.

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Arnarlax og umsögnum umsagnaraðila.



## Mengunar- og sleppivarnir

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að við fóðrun í stöðinni sé notast við sjálfvirkt fóðrunarkerfi, þannig mögulegt sé að koma í veg fyrir yfirfóðrun og að umframfóður berist til sjávar. Frá startfóðrunareiningu fari allt vatn í gegnum tromlusú og þaðan í útiker, það sem síð er frá í tromlusúnni verði leitt í tank. Koma eigi fyrir tromlusú í útiker og einnig í húsinu þar sem vatnsendurnýtingarkerfið verði staðsett. Frárennslið verði svo leitt frá tromlusúum um rör niður fyrir stórstraumsfjöru.

Á botni keranna verði komið fyrir rist og allt vatn frá kerum verði leitt í tromlusúur sem varna því að seiði sleppi út.

Dauðfiski verði safnað á hverjum degi og komið fyrir í meltutank og til viðurkenndra aðila til endurnýtingar, nota megi fastefnin sem áburðarefni. Helstu úrgangsefni sem stöðin losi í umhverfið séu kolefni, nitur og fosfór sem skili sé bæði í uppleystu og föstu formi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ef nota eigi fastefni sem áburðarefni þurfi að leita samþykki Matvælastofnunar. Notkun á dauðfiski/meltu sé einnig háð samþykki Matvælastofnunar sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 106/2009. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að fastefninu sé fundinn góður farvegur og að allur lífbrjótanlegur úrgangur sé endurnýttur eins og kostur er. Stofnunin hafi unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að affalla-fiskur sé hakkaður og fluttur yfir á Bíldudal í meltustöð Arctic Prótein ehf. Meltan sé þaðan flutt til Noregs og nýtt í samræmi við starfsleyfi þar á landi. Framkvæmdaraðili hyggst nota skítinn sem síaður sé í frárennsli sem áburðarefni og mun Arnarlax sækja um tilskilin leyfi til Matvælastofnunar þegar að því kemur.

## Vatnsnotkun

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að á svæðinu séu nýttar fjórar borholur fyrir vatn sem gefi að meðaltali 30-120 l/s auk þess sem vatnstaka sé úr Gilsá. Vatnsnotkunin við stöðina í dag séu 298,8 l/s og við framleiðsluaukninguna verði sama vatnsmagn tekið en endurnýting vatnsins bætt um 90-99%. Allt vatn sem nota eigi í startfóðrun verði endurnýtt í útikerin. Í dag sé notast við „flow through“ kerfi þar sem vatnið renni beint í gegnum stöðina í frárennsli. Í nýja húsnæðinu verði hinsvegar komið upp endurnýtingakerfi sem nýti vatnið vel og miðað verði við að minnst 95% af öllu vatni sem renni um kerfið verði endurnýtt. Við þetta sparist vatn, varmaorka og raforka. Vatnið verði síað og hreinsað í gegnum tromlusúur svo stærsti hluti lífrænna efna sé skilinn frá og súrefni bætt við svo hægt sé að endurnýta vatnið. Vatnsnýtingin sé mest í mars, apríl og maí eða þegar útsetning seiða fari fram. Um leið og fiskur sé settur í sjó minnkar notkun á vatninu, notkunin sé í lágmarki yfir haustmánuðina þegar hluti stöðvarinnar sé tómur.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að ekki sé tilgreint í greinargerð hve mikil meðalvatnstaka sé af yfirborðsvatni annars vegar og úr grunnvatnsgeymi hins vegar á ársgrunni. Stofnunin hefði viljað sjá umfjöllun um upptöku og nýtingu grunnvatns og vatnstöku úr Gilsá eftir mánuðum sem og hámarksupptöku.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að upplýsingar í tilkynningu hafi verið rangar. Vatn sé ekki tekið úr Gilsá, sem renni um lóðina, heldur sé Höfðadalssá nýtt sem renni hinumegin í firðinum. Í gildi er leigusamningur við landeigendur um nýtingu hennar við eldið og nýtingarrennslið sé 70 l/s.

## Frárennsli og losun frá eldinu

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að við stækkun stöðvarinnar muni hámarkslífmassi í eldinu fara úr 200 tonnum í 1.000 tonn sem jafngildi ársframleiðslu á 1.440 tonnum af fiski og notkun á 1.336 tonnum af fóðri á ári, sé miðað við 0,95 kg af fóðri fyrir hvert kg af fiski. Mögulegt sé að ná 40% af



nitri, 60% af fosfór og um 80% af lífrænum leifum úr eldinu með hreinsun en um helmingur af kolefninu fari út sem CO<sub>2</sub>.

Seiðaeldisstöðin á Gileyri losi allt frárennsli í vatnshlot 101-1279-C strandsjó í Tálknafirði og vinni meðal annars vatn fyrir stöðina úr borholum í vatnshloti 101-274-G grunnvatnsstreymi fyrir Vestfirði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 megi ástand vatnshlota ekki hnigna vegna starfseminnar. Framkvæmdaraðili skuli vakta styrk næringarefna af nákvæmni í frárennsli og í samræmi við íslenskar aðstæður.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í starfsleyfi verði gerð krafa um mælingar a.m.k. tvisvar á ári, við hámarksfóðrun og þegar fóðrun er í lágmarki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ákvæði í starfsleyfi, þar með talin tíðni mælinga, verði uppfyllt.

### **Lífríki fjöru og strandsjávar**

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að fjaran við eldisstöðina sé að hluta til manngerð þar sem um uppfyllingu sé að ræða. Fjaran í kring um framkvæmdarsvæðið sé flokkuð sem grýtt fjara eða þangklungur samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands en sú vistgerð sé mikilvægt fæðusvæði fugla. Lífrænu leifarnar í frárennslinu frá fóðri og saur nýtist fjöru- og sjávardýrum sem fæða, æðarfuglar nýti einnig góðs af henni. Fuglarnir sæki því mikið í frárennsli eldisstöðva til að ná sér í æti.

Lengja eigi frárennsli úr stöðinni niður fyrir stórstraumsfjörumörk, með því aukist þynning frárennslisins í sjó sem dragi úr uppsöfnun næringarefna sem annars gæti leitt til ofvaxtar þörungna og súrefnisskorts, frárennsli frá stöðinni á Gileyri leiti út fjörðinn.

Framkvæmdaraðili telur framkvæmdina hafa óveruleg og afturkræf áhrif á lífríki sjávar ef starfsemi stöðvarinnar yrði hætt.

Framkvæmdaraðili segist í svörum sínum ætla að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til að leggja fráveitulögn niður fyrir stórstraumsfjörumörk áður en framkvæmdir við lögnina hefjast.

### **Fornleifar**

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að fornleifar sem finnast á svæðinu séu að hluta til raskaðar af fyrri framkvæmdum. Minjarnar séu af eyðibýlinu Sólbrekku sem hafi verið byggt á fyrsta áratug síðustu aldar, þetta séu friðaðar minjar skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Einnig kemur fram að búið sé að merkja minjarnar inn á loftmynd sem og 15 metra friðhelgismörk umhverfis þær. Fyrir framkvæmdir muni friðhelgismörkin merkt með girðingu fyrir verktaka og ef frekari minjar finnast á svæðinu muni þær verða skráðar og tilkynntar til Minjastofnunar Íslands.

Framkvæmdaraðili telur framleiðsluaukninguna hafa óveruleg áhrif á fornleifar.

### **Ásýnd**

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að áætlað sé að reisa eitt hús með 16 eldiskerum. Húsið verði reist innan byggingarreits deiliskipulagsins á lóð sem skilgreind sé sem iðnaðarsvæði. Hanna eigi húsið í sama stíl og aðrar byggingar á svæðinu. Húsið verði innan við 5 metrar á hæð og byggingarlóðin verði grafin inn í hlíð á byggingarreitnum. Húsið muni vart sjást frá þjóðveginum sem liggja í nokkurri hæð fyrir ofan byggingarreitinn.

### **Sjúkdómavarnir**

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að hrogn séu keypt frá viðurkenndum aðila, laus við alla helstu vírusa og bakteríusjúkdóma sem þekktir séu í laxeldi, hrogn séu klakin út í eldisstöðinni á Gileyri.



Fiskurinn sé bólusettur við 50 gramma meðalþyngd með þekktu bóluefni við sjúkdómum á borð við kylaveiki, vibríuveiki, hitraveiki og vetrarsárum. Eftir bólusetningu sé fiskurinn áfram inni í húsi þar til hann hefur lokið smoltun og honum sé síðan dælt út í brunnbát fyrir flutning í sjókvíaeldisstöðvar.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Tálknafjarðar 2006-2018. Deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina sem var staðfest 10. janúar 2019. Stækkun stöðvarinnar kallar á breytingu á deiliskipulagi en deiliskipulagið tekur einungis til 150-170 tonna framleiðslu á ári.

Um starfsemi stöðvarinnar gilda lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun ásamt framkvæmdar- og byggingarleyfi frá Tálknafjarðarhrepp. Nýting grunnvatns yfir 70 l/s er háð nýtingarleyfi frá Orkustofnun.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð, úr 200 tonna hámarkslífmassa í 1000 tonna hámarkslífmassa. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, auk þess sem líta skal til álagspols náttúrunnar og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð felur í sér uppbyggingu mannvirkja. Uppbyggingin mun ekki fela í sér rask á gróðri, fornleifum eða hafa teljandi áhrif á ásjúnd á svæðinu. Vatnsnotkunin helst óbreytt frá því sem verið hefur með tilkomu nýs endurnýtingarkerfis og mun breytingin því ekki leiða til aukinnar notkunar grunnvatns.

Hætta á slysasleppingum á laxi og erfðablöndunar í kjölfar sleppinga eru litlar. Sleppivarnir stöðvarinnar felast í tromlusíum og ristum við frárennsli sem og í niðurföllum stöðvarinnar.

Við stækkunina mun magn úrgangs og losun mengunarefna aukast frá því sem það var áður. Að mati Skipulagsstofnunar er ekkert sem bendir til þess að viðtakinn, sé sérstaklega viðkvæmur eða að magn næringarefna frá stöðinni, að teknu tilliti til bættrar hreinsunar frárennslis, komi til með að valda óásættanlegum áhrifum á viðtaka, þrátt fyrir þessa aukningu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að áhrif frá losun eldisins verði vöktuð í viðtakanum og kveðið sé skýrt á um fyrirkomulag vöktunar í starfsleyfi. Framkvæmdaraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum hraki ekki vegna eldisins, ef ástand viðtaka hnignar skal grípa til aðgerða til þess að ná fram betra ástandi. Ef eitthvað



bendir til þess að hreinsun frárennslis sé ábótavant getur Umhverfisstofnun farið fram á breytingar og vöktun.

Skipulagsstofnun telur litlar líkur á að fyrirhuguð stækkun á eldisstöðinni komi til með að valda því að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar með framkvæmdinni. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. desember 2022.

Reykjavík, 11. nóvember 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir